

Rafiðngreinar:
 símsmíði
 rafeindavirkjun
 rafveituvirkjun
 rafvélavirkjun
 rafvirkjun
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:
 bókbönd
 ljósmyndun:

almenn ljósmyndun
 persónuljósmyndun
 prentsmíð
 prentun
Þjónustugreinar:
 hársnyrtiið
 snyrtifræði
 tannsmíði

3. gr.

Komi til álita að starfsgrein, sem ekki er talin upp í 2. gr. þessarar reglugerðar, verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur, sem starfsgreinina stunda senda menntamálaráðherra beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir hann tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma og kunnáttu- og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar starfsgreinaráðs viðkomandi iðngreinaflokks um erindið.

Fallist ráðuneytið á að löggilda greinina breytir það þessari reglugerð til samræmis.

Ef fyrir hendi eru aðstæður sem valda því að ekki reynist unnt að fullnægja ákvæðum námskrár um nám og starfsþjálfunartíma í löggilttri iðngrein, setur menntamálaráðherra reglur um sérstaka tilhögun náms og starfsþjálfunar í iðngreininni, að fengnum tillögum hlutaðeigandi starfsgreinaráðs. Áður en til staðfestingar kemur skal afla umsagnar viðkomandi starfsgreinaráða.

Eigi er skylt að halda uppi stöðugri kennslu í fámennum iðngreinum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. október 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 175, 10. mars 1999,
 um heimild færeyskra, norskra og rússneskra
 skipa til síldveiða við Ísland á árinu 1999.**

1. gr.

Á eftir orðunum: „óheimilt að stunda síldveiðar innan“ í 2. mgr. 3. gr. kemur orðið: (vestan).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. október 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.